

Eftirlitsnefnd fasteignasala

Til fasteigna- og skipasala

Nr. 2/2023

Eingöngu sent með rafrænum hætti
Einnig birt á heimasíðu eftirlitsnefndar, www.enf.is

I. Áskorun um skil á fjárvörslufirlýsingu, yfirlýsingu um skrá um fjármálagerninga og afrit af starfsábyrgðartryggingu.

Ágæti fasteignasali.¹

Sérhver fasteignasali skal fyrir hinn **15. október** ár hvert vera búinn að skila til eftirlitsnefndarinnar yfirlýsingu um fjárvörslureikninga fyrir undangengið reikningsár, yfirlýsingu um skrá um fjármálagerninga ásamt afriti af gildandi starfsábyrgðartryggingu, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2015 (hér eftir fsl.). Eyðublöðin eru meðfylgjandi umburðarbréfi þessu en eru einnig aðgengileg á heimasíðu eftirlitsnefndarinnar, www.enf.is.

Eftirlitsnefndin skorar á fasteignasala að skila framangreindum gögnum eigi síðar en 15. október nk. og tekur fram að umburðarbréf þetta er áminning til fasteignasala um skil á réttum tíma. Eftirlitsnefndin hvetur til rafrænna skila á framangreindum gögnum og skulu þá afrit af gögnum send með tölvupósti á netfang eftirlitsnefndarinnar, enf@enf.is. Einnig er hægt að skila frumritum skjala á skrifstofu eftirlitsnefndarinnar að Höfðabakka 9, 6. hæð, 110 Reykjavík.

Það athugast að þeir aðilar sem höfðu ekki löggildingu á undangengnu ári þurfa ekki að skila fjárvörslufirlýsingum til eftirlitsnefndarinnar í ár en ber eigi að síður að skila afriti af gildandi starfsábyrgðartryggingu fyrir 15. október nk., sbr. 2. mgr. 4. gr. fsl.

Hafi yfirlýsingum ekki verið skilað í réttu horfi hinn **1. nóvember 2023** er lögbundin afleiðing þess tímabundin svipting löggildingar fasteignasala, sbr. 2. mgr. 21. gr. fsl., ásamt því að viðkomandi fasteignasali skal greiða sérstakt gjald sem rennur í ríkissjóð, að fjárhæð **kr. 30.000**, vegna kostnaðar eftirlitsnefndarinnar vegna þessa. Eftir atvikum er í framhaldinu óskað eftir því að þeir hinir sömu verði sviptir réttindum ótímabundið af hálfu ráðuneytisins, verði skilum ekki komið í rétt horf. Ákvarðanir eftirlitsnefndar um sviptingu löggildingar ber að auglýsa í Lögbirtingablaði, sbr. 8. mgr. 23. gr. fsl.

Einnig er vakin athygli á að ef starfsábyrgðartrygging fasteignasala er ekki fyrir hendi fellur löggilding hans sjálfkrafa niður enda fullnægir fasteignasali ekki lengur lögmaeltum skilyrðum til löggildingar. Í slíkum tilvikum ber eftirlitsnefndinni að tilkynna sýslumanni um missi skilyrða til löggildingar og auglýsa það í Lögbirtingablaði. Hlutaðeigandi fasteignasala er þá óheimil frekari starfsemi og ber að skila til sýslumanns löggildingarskírteini sínu. Þá þegar er honum óheimilt að annast um þau störf sem í löggildingu felast, sbr. 24. gr. fsl.

¹ Umburðarbréfi þessu er beint bæði til fasteignasala og skipasala en til hagræðis er orðið fasteignasali notað.

Eftirlitsnefnd fasteignasala


II. Eyðublöð um yfirlýsingar á útfyllanlegu formi og fullgild rafræn undirritun.

Á vefsíðu eftirlitsnefndarinnar eru nú aðgengileg eyðublöð um yfirlýsingar um fjárvörslur og skrá um fjármálagerninga á útfyllanlegu formi. Fasteignasölum stendur því til boða að fylla yfirlýsingarnar út á rafrænan hátt en það athugast að krafa er gerð um að fasteignasali undirriti yfirlýsingar eigin hendi *eða* riti undir yfirlýsingar með fullgildri rafrænni undirskrift (gegnum rafræn skilríki í síma). Yfirlýsingum sem undirritaðar eru með fullgildri rafrænni undirskrift skal einnig skila á netfang eftirlitsnefndar, enf@enf.is.

Yfirlýsingar sem uppfylla ekki framangreindar kröfur um undirritun verða ekki taldar fullnægjandi og verður fasteignasala gert að bæta úr því til þess að skil viðkomandi teljist fullnægjandi. Að öðru leyti vísar eftirlitsnefndin til leiðbeininga sem fram koma á eyðublöðunum um yfirlýsingarnar.

Reykjavík, 28. september 2023

F.h. eftirlitsnefndar fasteignasala,


Þórður Bogason hfl.,
formaður


Sandra Mjöll Markúsdóttir hfl.,
starfsmaður